

## ANNAÐ ALDURSÁRID

Upp úr 12 mánaða aldri fer barnið að ganga. Í fyrstu er það óöruggt, gengur gleitt með stífa fótleggi og arma stífa út frá bol. Jafnvægið er ekki upp á það besta. Barnið veltur um koll hvað eftir annað, en stendur jafnharðan upp aftur og heldur ótrautt áfram. Liggi barninu á grípur það til skriðsins.

Við tveggja ára aldur eru hreyfingar allar orðnar mýkri og samhæfðari, gangur liprari og nokkuð öruggur og svo er barnið líka farið að hlaupa um. Þess vegna er svo skemmtilegt að fara í eltingaleik, að hlaupa á undan þeim sem eltir, „ætlar að koma og ná í mann“.

Barnið æfir sig líka í að klifra. Það klifrar upp á stóla, palla, tröppur, borð, gluggakistu og niður aftur. Það ýtir, dregur og flytur til kolla og kassa. Það þjálfar sig í að ganga í stigum og nær við 21 mánaða aldur að ganga upp og niður með smá stuðningi, en getur það sjálft við tveggja ára aldur með því að taka eitt þrep í einu.

Gripið þroskast jafnt og þétt. Fíngripið milli vísifingurs og þumals verður æ nettara. Barnið þjálfar sig í listinni að sleppa hlut á réttum tíma, t.d. að stafla einum kubb ofan á annan án þess að hann detti. Við tveggja ára aldur getur það staflað 4–5 kubba turni.

Þegar barnið fer að hafa tilburði í að borða sjálft verður að leyfa því það, jafnvel þó mestur hluti matarins hafni utan munns. Barnið heldur á skeiðinni ofan frá og í miðju skaftsins með allri hendinni. Þegar það ætlar að stinga skeiðinni upp í sig, snýr það henni gjarnan við svo innihaldið hellist úr. Ef sá sem matar barnið notar aðra skeið, þiggur barnið aðstoðina.

Flest börn valda skeiðinni sjálf eftir 18 mánaða aldur.

Í kringum eins árs aldurinn hreyfir barnið handlegg frá öxl og því verða hreyfingarnar stórar og klunnalegar. Allur líkaminn tekur þátt í hverri hreyfingu. Smám saman lærir það að stýra olnbogum og úlnliðum betur, þ.e. einangra hreyfingarnar og þær verða mýkri, viðráðanlegri og samhæfðari.

Áhuginn fyrir að afla sér reynslu og þekkingar er mikill á þessu skeiði. Barnið verður að svala forvitninni á öllu því




sem hönd á festir. Því verður að hafa allt það utan seilingar sem barnið getur skaðað sig á eða það getur eyðilagt.

Stökkbreyting verður á málþroskanum á öðru aldursári. Áður en barnið getur sagt orðin hefur það lengi skilið það sem sagt er við það. Einfaldar myndabækur, þulur og vísur eru vinsælar á þessum aldri. Skemmtilegur leikur er að þekkja hvað kemur næst og botna setningar eða vísur.

Á þessu skeiði er barnið viljagt að fara í smá sendiferðir, í byrjun einfaldar eins og að ná í boltann eða dagblaðið, en við tveggja ára aldurinn vill það hjálpa til við að þrífa og leggja á borð og stolt hermir það eftir athöfnum þeirra fullorðnu.

Eins árs gömul börn líta á jafnaldra sína sem hluti. Þau skrifða yfir þá, slá þá í höfuðið og bíta til þess að kynnast og bragða á. Þyki einhverju fórnarlambinu miður, verður „bitvargurinn“ felmtri sleginn.

Við tveggja ára aldur finnst barninu gaman að leika sér samhliða öðrum börnum og líkir þá gjarnan eftir þeim í leik.



**Hvatning:** Vera saman en gefa samt lausan tauminn, gefa tíma, sýna þolinmæði. Tala mikið saman, tjáskipti á báða bóga, syngja, lesa, segja frá, dansa, hlaupa um, vera úti, sulla, moka...

#### **Hlutverkaleikur, skapandi leikur, „niðurrifsleikur“:**

Herma eftir sér eldri og leika ýmis hlutverk með hjálp hugarflugsins. Skapa eitthvað sjálft, svo sem byggja, teikna, dansa, syngja, klippa. Rífa niður er líka liður í þroskanum, „skemma“, rústa einhverju sem byggt var upp áður.

**Hreyfa sig:** Ganga um, hlaupa, hoppa, sparka bolta, hjóla, príla, toga, hanga, skrifða undir, skrifða inn í, busla í vatni...

Allt til þess að auka líkamlega færni, úthald og styrk, til þess eins að vera í góðu jafnvægi og fá útrás fyrir hreyfiþörf, sköpunargáfu og hugarflug.

# Gátlistar 13 - 18 mánaða

## 13-15 mánaða

### Grófhreyfingar

Krýpur.

Gengur án stuðnings – en valt.  
Stendur sjálft upp á miðju gólfí.  
Skríður upp tröppur.

### Fínhreyfingar

Heldur á tveimur kubbum með annarri hendi.  
Staflar einum kubbi ofan á annan.

### Sjálfshjálp

Drekkur úr bolla, tekur hann upp, drekkur, leggur frá sér.  
Matar sig með skeið, hvolfir.

### Samskipti


Bendir til að sýna áhuga.  
Bendir á a.m.k. einn líkamshluta á sjálfum sér og öðrum.  
Bendir á þekkta hluti.  
Skilur einfalt boð án bendingar.

### Leikur

Finnur hlut falinn undir (t.d.) dós.  
Rúllar bolta á milli.  
Veltur um koll þegar það kastar bolta standandi.  
Hermir eftir krassi með blýanti, punktar, strik.

### Málþroski

Segir nokkur orð, notar hrognamál.



## 16-18 mánaða

### Grófhreyfingar

Fer upp stiga með því að halda sér í, klifrar upp á stól.  
Hoppar, svo rétt húsar undir.

### Fínhreyfingar

Byggir turn úr 2-4 kubbum.  
Krassar með blýanti, hermir eftir eitt strik.

### Sjálfshjálp

Borðar með skeið eða gaffli.  
Klæðir sig úr skóm, fer úr sokkum, rennir niður rennilás,  
tekur af sér vettlinga.

### Samskipti



Flettir bók, 2-3 blaðsíður í senn.  
Bendir á myndir þegar spurt er: „Hvar er...?“  
Sækir hlut sem beðið er um.

### Leikur

Leikur sér samhliða öðrum börnum.  
Hendir bolta, án þess að detta.

### Málþroski

Bendir á 2-3 líkamshluta.  
Orðaforði skiljanlegrí, 5-20 orð.



**Verum á varðbergi ef barnið er ekki farið að...**


ganga með góðu jafnvægi, toga til sín leikfang í bandi, rúlla/henda bolta á milli, leika hermileiki, segja 5-20 orð, þegar það er orðið... **16 mánaða**

# Gátlistar 19 - 24 mánaða

## 19-24 mánaða

### Grófhreyfingar

Beygir sig niður eftir hlut á miðju gólfí, reisir sig upp aftur.  
Hleypur um, gengur sjálft upp og niður tröppur með því að styðja sig við, tekur eitt þrep í senn.  
Gengur aftur á bak.



### Fínhreyfingar

Þræðir perlur á band.  
Leikur eftir að brjóta blað einu sinni.  
Setur hring, ferhyrning, þríhyrning rétt í formbretti.  
Snýr hurðarhúni, skrúfar loki af dós.  
Flettir einstökum síðum í bók.  
Gerir línu með blýanti (hermir eftir).  
Byggir turn úr 4-6 kubbum.

### Sjálfshjálp

Biður um að drekka, borða, byrjar að segja til þvags og hægða.  
Vanið á kopp.  
Klæðir sig í og úr buxum, sokkum, skóm.  
Þvær og þurrkar sér um hendurnar.



### Samskipti

Togar í fólk til að sýna eitthvað áhugavert.  
Hjálpar til að taka saman dótið.

### Leikur

Kastar bolta aftur fyrir sig þegar það ætlar að kasta fram á við.  
Sparkar bolta.

### Málþroski

Byrjar að mynda setningar.  
Notar eignarfornöfn „þú“, „mig“, „ég“, 20-50 orð.  
Kann nafnið sitt.  
Endurtekur það sem sagt er við það (bergmál).  
Skilur tvöfalt boð, t.d. „farðu fram og náðu í skóna þína“.  
Þekkir a.m.k. fimm líkamshluta.

**Verum á varðbergi ef barnið er ekki farið að...**

sprettu úr spori, benda á líkamshluta, skoða og benda á mynd í bók, byggja tveggja kubba turn,  
þegar það er orðið ...20 mánaða

þríla í stigum, sparka bolta á milli, byggja fjögurra kubba turn, setja einföld form í ífelluspil/formbretti,  
þegar það er orðið... 24 mánaða